

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**
Dags: **08.11.2022**
Boðaðir: **Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson, Haraldur L. Haraldsson**
Fundarmenn: **Álfheiður Ingadóttir, Haraldur L. Haraldsson**
Fjarverandi: **Kjartan Dige Baldursson**
Bréfalykill: **02.02.09 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð – Matvæli og matvælaöryggi**
Málsnúmer: **MAR22020305**

Efni: Fiskeldissjóður - 35. fundar

Frásögn af fundi

Dagskrá fundar:

1. *Fundargerðir tveggja síðustu funda lagðar fram til samþykktar.*

Stjórn samþykkti fundargerðir 31. fundar og 34. fundar. Afgreiðsla á fundargerðum 32. og 33. funda var frestað til næsta fundar.

2. *Undirbúningur auglýsingar fyrir árið 2023*

Stjórn stefnir að því að auglýst verði eftir umsóknum þann 10. janúar 2023 og að þær skuli berast eigi síðar en 15. febrúar s.á.

3. *Endurskoðun á úthlutunarreglum.*

Dagskrálið frestað til næsta fundar.

4. *Ársskýrsla og ársreikningur*

Starfsmaður stjórnar upplýsti stjórn um að ársreikningur ársins 2021 hafi verið undirritaður. Fyrirvari er í ársreikningnum um að greiðslur vegna úthlutunnar ársins 2021 (samþals 105 m.kr.) hafi ekki farið fram á því ári. Engu að síður hafi sjóðurinn skuldbundið sig til greiðslu á þeim fjármunum komi öll verkefni til framkvæmda. Því eru þessir fjármunir ekki lausir til ráðstöfunar í önnur verkefni á árinu 2022.

Starfsmanni falið að afla tilboða í hönnun og framleiðslu á stafrænni ársskýrslu fyrir árið 2021.

5. *Viðbrögð sveitarfélaga við fyrirspurn.*

Stjórn ræddi viðbrögð sveitarfélaga við fyrirspurn um hver staða verkefna ársins 2021 væri. Ekki höfðu öll sveitarfélög svarað og ákvað stjórn að taka málið upp aftur á næsta fundi.

6. *Önnur mál.*

Stjórn ræddi úthlutunarreglur sjóðsins. Stjórn stefnir á að halda fund með sveitarfélögum og kynna fyrir þeim hver hámarksfjárhæð úthlutunar ársins 2023 verði.

Niðurstaða og ákvarðanir

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

Nr.	Efni	Ábyrgur starfsmaður	Dags. rætt	Áætluð lok	Lokað
1.	Starfsmanni falið að útbúa drög að auglýsingu	Hjalti Jón Guðmundsson			<input type="checkbox"/>
2.	Starfsmanni falið að óska eftir tilboðum í gerð vefsíðu fyrir ársskýrslu. Álfheiður Ingadóttir mun senda starfsmanni aðila sem hægt er að senda póst	Hjalti Jón Guðmundsson			<input type="checkbox"/>
3.	Starfsmanni falið að taka saman yfirlit um greiðslur til verkefna sem fengu úthlutað árin 2021 og 2022.	Hjalti Jón Guðmundsson			<input type="checkbox"/>